

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2023  
UST202302-088/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vindorkugarður Grímsstaðir 2. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun telur matsáætlunina mjög ítarlega og vandaða. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi ítarlega grein fyrir efnistöku. Hvar mögulegt sé að taka efni til vegagerðar, íblöndunarefni í steypu og fyllingarefni. Bent er á heimasíðuna namur.is þar sem unnt er að nálgast upplýsingar um efnistöku og frágang.

Gera á grein fyrir hvort nauðsynlegt verði að ráðast í byggingu vatnsaflsvirkjana á nýjum svæðum á Suðurlandi til að tryggja jafnvægi í flutningskerfi vegna óstöðugrar orkuframleiðslu vindorkugarðsins.

Einnig ætti að fjalla um hvort flutningur á orku frá vindorkugarðinum kalli á nýja innviði s.s. háspennulínu að Prestbakka, endurnýjun tengivirkis og hvort ráðast verði í uppbyggingu núverandi dreifikerfis með nýjum háspennulínunum til og frá tengivirki við Prestbakka?

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*